

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/877

2016/EES/44/06

frá 4. júní 2015

um breytingu á ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2015) 3641) (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum c- lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun 2009/568/EB ⁽²⁾ fellur úr gildi 30. júní 2015.
- 2) Ákvörðun 2011/333/ESB ⁽³⁾ fellur úr gildi 7. júní 2015.
- 3) Ákvörðun 2011/381/ESB ⁽⁴⁾ fellur úr gildi 24. júní 2015.
- 4) Ákvörðun 2012/448/ESB ⁽⁵⁾ fellur úr gildi 12. júlí 2015.
- 5) Ákvörðun 2012/481/ESB ⁽⁶⁾ fellur úr gildi 16. ágúst 2015.
- 6) Unnið hefur verið mat til að staðfesta mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB. Þar eð endurskoðunarferli fyrir núverandi vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem eru settar fram í þessum ákvörðunum, mun hefjast árið 2015 er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðanna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun til 31. desember 2018.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 142, 6.6.2015, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætis-pappír (Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 87).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafískan pappír (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/381/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir smurefni (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 28).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB frá 12. júlí 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir dagblaðapappír (Stjtið. ESB L 202, 28.7.2012, bls. 26).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB frá 16. ágúst 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni (Stjtið. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/568/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „hreinlætispappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/333/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

3. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/381/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „smurefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

4. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2012/448/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „dagblaðapappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

5. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2012/481/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „prentefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.
